

öðrum um það, hvort ráðherra var heimilt að svipta stefnanda leyfi sínu, og að vegna almenningshagsmuna ber nauðsyn til, að ákvörðunum heilbrigðisyfirvalda sé almennt framfylgt, þykir ógildingin eiga að gilda frá lögbirtingu dóms þessa.

Þær ástæður, er nú hafa verið raktar, valda því, að ekki verður talið, að ógilding ætti að gilda frá öðrum tíma en að ofan greinir, þó að svo yrði litið á, að 2. og 3. málsástæða, sem fram hefur verið borin af hálfu stefnanda, hefði við rök að styðjast. Er því ekki þörf á að fjalla um málsástæður þessar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stjórnarathöfn sú, sem gerð var með bréfi heilbrigðismálaráðherra, dagsettu 23. maí 1958, er hann svipti stefnanda, Aage Schiöth, lyfsöluleyfi á Siglufirði, skal vera ógild frá lögbirtingu dóms þessa.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 35/1962. **Hans Kragh,**
Elvar Berg,
Hans Jensson,
Óli G. Gunnarsson,
Andrés Ingólfsson og
Gunnar Kvaran (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Plútó h/f (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bönnuð notkun atvinnuheitis.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d., og gert þessar dómkröfur:

1. Í aðalsök í héraði, að lögbannið verði úr gildi fellt og áfrýjendum dæmd sýkna af kröfum stefnda.

2. Í gagnsök í héraði, að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjendum kr. 50.000.00 og

3. Að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur verið lögð fram álitserð prófessors Halldórs Halldórssonar, dags. 18. febrúar 1962, um framburð Íslendinga á orðunum Plútó og Plúdo. Er niðurstaða hans sú, að milli 72 og 83 af hundraði hverju íslenzku þjóðarinnar geri eigi í framburði greinarmun á þessum orðum.

Samkvæmt þessu og að öðru með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Hans Kragh, Elvar Berg, Hans Jensson, Óli G. Gunnarsson, Andrés Ingólfsson og Gunnar Kvaran, greiði stefnda, Plútó h/f, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. desember 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Plútó h/f hér í bæ höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 25. júlí 1960 fyrir Erni Clausen hdl. f. h. stefndu, Hans Kragh, Elvars Bergs, Hans Jenssonar, Óla G. Gunnarssonar, Andrésar Ingólfssonar og Gunnars Kvarans, allra búsettra hér í bæ.

Með stefnu, birtri 4. febrúar 1961, höfðuðu stefndu gagnsök á hendur aðalstefnanda.

Málavextir í aðalsök eru þessir:

Þann 1. október 1947 var Plútó h/f tilkynnt til hlutafélaga-

skrárinnar í Reykjavík. Skráning félags þessa birtist í Lögbirtingablaðinu þann 15. nóvember 1947. Tilgangur félagsins er að smíða allskonar muni úr gulli, silfri og öðrum málum og verzla með þá og aðrar vörur sambærilegar.

Aðalstefnandi kveður félagið síðan hafa starfað hér í bænum óslitið og selt vörur sínar í nafni félagsins. Nýlega hafi stjórn þess orðið þess vör, að nokkrir hljómlistarmenn hér í bænum hafi stofnað danshljómsveit hér í borg, er þeir nefni „Plúdó-Sextettinn“. Sömuleiðis hafi menn þessir auglýst og annazt sölu á svokallaðri Plúdó-peysu, og meðal annars látið birta af sér myndir í blöðunum, klæddum peysum þessum.

Þann 24. júní 1960 ritaði lögmaður aðalstefnanda gagnstefnendum bréf, þar sem hann taldi notkun gagnstefnenda á nafninu „Plúdó-kvintett“ brjóta í bága við rétt félagsins „Plútó h/f“ samkvæmt framanritaðri skráningu á hlutafélagaskránni. En þar eð gagnstefndu reyndust ófáanlegir til að hætta við að nota nafnið „Plúdó“ í sambandi við hljómsveit sína og sölu á nefndum peysum, þá lét aðalstefnandi, þann 21. júlí 1960, leggja lög-bann við því, að gagnstefnendur kölluðu hljómsveit sína „Plúdó-Sextettinn“ og auglýstu hann með því nafni.

Hér fyrir dóminum hefur aðalstefnandi gert þær kröfur, að gagnstefnendum verði gert skylt að viðurkenna, að nefnd notkun þeirra á orðinu „Plúdó-Sextett“ sé þeim óheimil, og þeim enn-fremur óheimilt að nota orð þetta í auglýsingaskyni fyrir hljómsveit sína eða í sambandi við sölu á svonefndri „Plúdópeysu“. Þá hefur aðalstefnandi krafizt staðfestingar á framangreindu lögbanni og loks, að gagnstefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök að mati réttarins.

Gagnstefnendur hafa gert þær dómkröfur í aðalsök, að framangreint lögbann frá 21. júlí 1960 verði úr gildi fellt og að þeim verði heimilað að nota nafnið „Plúdó-Sextett“ áfram, ef þeir óski þess. Þá krefjast þeir og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi aðalstefnanda, bæði fyrir fógetaréttinum og hér fyrir bæjarþinginu.

Gagnstefnendur kveða hljómsveitina hafa verið stofnaða síðari hluta sumars 1958 af Elvari Berg og þrem öðrum mönnum. Þá undir nafninu „Plúdó-kvartett“. Um áramótin 1958—59 hafi Hans Kragh gengið í hljómsveitina, og hafi hún fyrst eftir áramótin starfað áfram undir sama nafni. Síðar um veturinn hafi enn verið fjölgað í hljómsveitinni og hafi hún upp frá því kall-

að sig „Plúdó-Sextett“. Það hafi fyrst verið rúmu ári seinna, í júní 1960, að aðalstefnandi hafi kvartað yfir þessu við gagnstefnendur, en þá hafi hljómsveitin verið búin að auglýsa sig stöðugt í blöðum og útvarpi frá því sumarið 1958, fyrst undir nafninu „Plúdó-kvartett“ og síðan undir nafninu „Plúdó-Sextett“ og leikið fyrir dansi meira og minna um allt Suðurlandsundirlendið.

Aðalstefnandi byggir stefnukröfu sína á því, að þótt nafn firmans „Plútó h/f“ sé ritað örlítið á annan hátt en nefndur „Plúdó-Sextett“, þá sé enginn munur á þessum tveimur orðum í framburði, enda hafi þetta framferði gagnstefnenda valdið ruglingi til tjóns og óþæginda fyrir hlutafélagið „Plútó“. Segjast aðalstefnendur iðulega hafa verið að því spurðir, hvort nefnd hljómsveit og peysusala væri rekin á þeirra vegum. Þetta atferli gagnstefnenda telur aðalstefnandi brjóta í bága við ákvæði laga nr. 84/1933 um óréttmæta verzlunarhætti, einkum 9. grein þeirra laga.

Að lokum telur aðalstefnandi, að þessi notkun á nafninu „Plúdó“ sé brot á rétti hans samkvæmt skráningu í hlutafélagskrána, en með þeirri skráningu hafi nafnið Plútó öðlazt þá vernd, að aðrir mættu ekki nota það eða lík nöfn í atvinnuskyni, hvort sem það væru einstaklingar, hljómsveitir eða fyrirtæki.

Gagnstefnendur reisa kröfur sínar á því, að nafnið „Plúdó“ sé öðruvísi ritað en nafnið „Plútó“ og þegar við hið fyrrnefnda bætist viðskeytið Sextett, sé það orðið svo ólíkt firmanafni aðalstefnanda, að það geti ei valdið ruglingi. Auk þess benda þeir á máli sínu til áréttingar, að framangreind nöfn séu notuð um gerólíka starfsemi.

Gagnstefnendur taka fram, að þeir hafi óskað eftir skrásetningu á nafninu „Plúdó-Sextett“. Hafi firmaskrárritari að vísu synjað þeim um skrásetningu nafnsins, en það hafi einvörðungu verið vegna þess, að hljómsveitin hafi ekki verið fyrirtæki, en ekki af þeim sökum, að nafnið bryti í bága við hagsmuni aðalstefnanda, enda andmæla gagnstefnendur því alfarið, að aðalstefnandi hafi orðið fyrir nokkrum óþægindum eða tjóni af margnefndri nafnanotkun þeirra.

Þá vísa gagnstefnendur algjörlega á bug þeirri fullyrðingu aðalstefnanda, að þeir annist sölu á svonefndri „Plúdó-peysu“. Þeir hafi einungis leyft framleiðanda hennar að birta myndir

af þeim í peysunum, en að öðru leyti sé peysa þessi þeim algerlega óviðkomandi.

Hins vegar benda þeir á, að framleiðandi peysunnar hafi fengið orðið „Plúdó“ skrásett fyrir hvers konar prjónafatnað, sbr. Lögbirtingablaðið hinn 21. maí 1960.

Af öllu því, er nú hefur verið rakið, telja gagnstefnendur ljóst, að með notkun sinni á nafninu „Plúdó-sextett“, hafi þeir hvorki brotið í bága við 10. gr. laga nr. 42/1903 um firmu né heldur 9. gr. laga nr. 84/1933 um ólögmæta verzlunarhætti.

Gagnstefnendur hafa gert þær dómkröfur í gagnsök, að framangreint lögbann frá 21. júlí 1960 verði felt úr gildi og þeim leyft að nota nafnið „Plúdó-Sextett“ áfram, en aðalstefnanda verði gert að greiða þeim kr. 60.000.00 í skaðabætur eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins vegna tjóns, er þeir hafi beðið út af nefndu lögbanni.

Þá krefjast gagnstefnendur einnig málskostnaðar að skaðlausu í gagnsök úr hendi aðalstefnanda.

Bótakröfur sínar byggja gagnstefnendur á því, að þeir hafi um árábil verið búnir að leika fyrir dansi undir nafninu „Plúdó-Sextett“, er lögbannið var lagt á. Hafi hljómsveitin verið orðin þekkt og vinsæl undir því nafni. En með lögbannsaðgerðum aðalstefnanda hafi þeim verið meinuð áframhaldandi notkun nafnsins og hafi þeir af þeim sökum beðið mikið fjárhagslegt tjón.

Aðalstefnandi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar að mati réttarins.

Sýknukröfu sína styður aðalstefnandi þeim rökum, að gagnstefnendur hafi ekkert tjón beðið vegna margnefndrar lögbannsgerðar frá 21. júlí 1960, enda hafi þeir enga tilraun gert til að sanna það tjón sitt. Auk þess heldur aðalstefnandi því fram, að allt tjón gagnstefnanda af þessum sökum sé sér óviðkomandi, þar sem notkun gagnstefnanda á orðinu „Plúdó“ hafi verið brot á lögvernduðum rétti hans til þessa heitis, er gagnstefnendur hafi engan rétt haft til að nota.

Orðið „Plútó“ vekur ekki hugmynd um neinn sérstakan atvinnurekstur. Verður því að telja, að aðalstefnandi, sem tók þetta orð upp sem heiti á hlutafélagi, áður en gagnstefnendur fóru að nota orðið „Plúdó-Sextett“ um hljómsveit sína, hafi öðlazzt gagnvart þeim lögverndaðan rétt til þess, sbr. 9. gr. laga nr. 84/1933.

Þegar þetta er haft í huga og þess er ennfremur gætt, að ritháttur orðanna „Plútó“ og „Plúdó“ er nauðalíkur og framburður þeirra hinn sami, þá verður að telja, að þessi notkun á orðinu „Plúdó“ geti valdið ruglingi gagnvart orðinu „Plútó“. Þykir því rétt að taka kröfu aðalstefnanda til greina og dæma gagnstefnendum óheimilt að nota orðið „Plúdó“ í atvinnu- eða auglýsingaskyni, hvort heldur það er í sambandi við hljómsveitina „Plúdó-Sextett“ eða vegna auglýsinga eða sölu á svenefndri „Plúdó-peysu“.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta framangreint lögbann frá 21. júlí 1960.

Eftir þessum málalokum kemur gagnkrafan ekki til greina, og ber að sýkna aðalstefnanda af henni.

Samkvæmt þessum úrslitum verða gagnstefnendur dæmdir til að greiða aðalstefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00 í báðum sökum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Framangreint lögbann er staðfest. Gagnstefnendum, Hans Kragh, Elvari Berg, Hans Jenssyni, Óla G. Gunnarssyni, Andrésí Ingólfssyni og Gunnari Kvaran, er óheimilt að nota orðið „Plúdó“ í atvinnu- eða auglýsingaskyni.

Aðalstefnandi á að vera sýkn af kröfum gagnstefnenda í gagnsök.

Gagnstefnendur greiði aðalstefnanda kr. 6.000.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
